

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 10. nóvember 2020

Mál nr. E-679/2019:

A

(Guðbjarni Eggertsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Eiríkur Áki Eggertsson lögmaður)

D ó m u r

1. Mál þetta var höfðað 19. febrúar 2019. Stefnandi er A. Stefndi er íslenska ríkið, Arnarhváli við Lindargötu í Reykjavík. Aðalmeðferð málsins fór fram 13. október 2020 og var málið dómtekið að henni lokinni.
2. Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða honum 41.279.400 krónur í miska- og skaðabætur auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. ágúst 2017 en dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 8. júní 2018 til greiðsludags auk 2.904.049 króna í málskostnað úr hendi stefnda eins og málið væri eigi gjafsóknarmál en allt að frádreginni 5.984.072 króna innborgun 31. janúar 2020. Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda auk málskostnaðar að mati dómsins en til vara að málskostnaður verði látinn niður falla.
3. Stefnandi var handtekinn ásamt þremur öðrum [...] vegna gruns um aðild að máli sem varðaði innflutning fíkniefna. Stefnandi var ítrekað úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna málsins og sætti ákæru en var að lokum sýknaður af öllum sakargiftum með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...]. Dómnum var ekki áfrýjað og þann sama dag var stefnanda sleppt úr gæsluvarðhaldi.
4. Stefnandi krefst miska- og skaðabóta með vísan til 246. gr. laga nr. 88/2008 og 26. gr. laga nr. 50/1993 og byggir á því að hann eigi rétt á bótum vegna rannsóknaraðgerða sem hann hafi sætt að ósekju í tengslum við rannsókn málsins og meðferð fyrir dómi. Handtöku, einangrun í fangelsi í 28 daga og gæsluvarðhald í 187 daga. Þá hafi hann mátt þola ýmsar aðrar rannsóknaraðgerðir svo sem öflun upplýsinga um notkun síma hans, öflun fjárhagsupplýsinga tengdra honum og fyrirtæki hans, húsleitir á heimili og í fyrirtæki og haldlagningu fjármuna og annarra muna. Stefnandi telur að hann hafi að ósekju verið bendlaður við umfangsmikið fíkniefnamál og þetta hafi valdið honum, unnustu hans og fjölskyldu álitshnekki sem ekki hafi verið bættur þrátt fyrir að hann hafi verið sýknaður og ekkert fram komið sem bendlað gat hann við málið. Sérstaklega sé þetta bagalegt fyrir stefnanda sem hluta af [...] og hafi málið tekið mikið á hann persónulega og fjölskyldu hans.
5. Stefnandi vísar til þess að hann hafi frá upphafi lagt sig allan fram við að aðstoða við rannsókn málsins og heimilað þær aðgerðir sem yfirvöld töldu nauðsynlegar. Hann hafi opnað síma og tölvur sínar sem læstar voru með lykilorðum svo lögreglan gæti aflað upplýsinga úr tækjum þessum. Þannig geti hann á engan hátt talist hafa verið valdur að aðgerðum lögreglu eða hafa stuðlað að þeim á nokkurn hátt. Háttsemi lögreglu hafi

valdið mikilli vanlíðan og hann hafi mátt þola þunglyndi og áfallastreituröskun vegna rannsóknaraðgerða lögreglu sem hafi verið óhóflega harkalegar með tilliti til þeirrar takmörkuðu ástæðu sem hafi verið til að beina slíkum aðgerðum gegn honum. Þá hafi aðgerðir lögreglu haft veruleg áhrif á nýstofnað félag hans [...] og leitt til þess að hann hafi neyðst til að selja það. Handtaka hans, einangrun og gæsluvarðhald í 215 daga hafi gert að verkum að hann hafi orðið tekjulaus og hann og unnusta hans misst leiguhúsnæði sem þau höfðu haft. Stefnandi hafi ávallt neitað sök við rannsókn málsins og meðferð þess fyrir dómi og verið samkvæmur í framburði sínum. Með hliðsjón af rannsóknargögnum málsins hafi grunur lögreglu um aðild hans að málinu byggst á hæpnum forsendum.

6. Bótakröfu sína byggir stefnandi á því að fyrir liggi að hann hafi saklaus sætt gæsluvarðhaldi í 215 daga og þar af 28 daga í einangrun. Hann hafi því verið ólöglega sviptur frelsi í rúmlega sjö mánuði. Jafnvel þótt talið yrði að gæsluvarðhaldsvist hans hafi verið lögmæt, að virtum þeim atvikum sem lágu til grundvallar mati lögreglu og dómstóla þegar ákvörðun um hana var tekin, telur stefnandi að það breyti engu um bótarétt hans. Þannig stofnist bótaréttur samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála til handa þeim sem hafi verið borinn sökum í sakamáli þegar hann er sýknaður með endanlegum dómi, án þess að hann hafi verið talinn ósakhæfur.
7. Stefnandi telur að engin skilyrði séu til þess að lækka bætur til hans eða fella niður á grundvelli 2. málslíðar 2. mgr. 246. gr. eða 2. málslíðar 4. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, enda hafi hann á engan hátt valdið eða stuðlað að aðgerðum gegn sér. Þvert á móti hafi framburður hans verið stöðugur allan tímann og hann hafi lagt sig fram við að svara spurningum lögreglu, en rannsóknin hafi verið ítarleg og nákvæm og beinst að miklum smáatriðum. Stefnandi hafi aldrei reynt að afvegaleiða lögreglu eða reynt að varpa ábyrgð á aðra. Sönnun um sök stefnanda hafi alltaf verið veikburða og til merkis um það sé að héraðsdómur hafi sýknað hann og málinu hafi ekki verið áfrýjað.
8. Bótakrafa stefnanda lýtur annars vegar að bótum vegna tapaðra launa en hins vegar að bótum vegna miska. Að því er snertir fyrri þátt kröfunnar telur stefnandi ljóst að hann hafi ekki átt þess kost að stunda vinnu eða afla tekna meðan hann var sviptur frelsi. Stefnandi hafði þegar hann var hnepptur í gæsluvarðhald unnið við undirbúning að stofnun fyrirtækis og hafi rekstur þess verið nýhafinn. Ljóst sé að stefnandi hafi orðið af launatekjum þann tíma sem hann var sviptur frelsi. Hann hafi á þeim tíma verið [...] heilsuhraustur og ekkert hafi átt að koma í veg fyrir að hann aflaði tekna, hvort sem væri í eigin rekstri eða vinnu hjá öðrum. Stefnandi hafi verið frá vinnu í þá rúmlega sjö mánuði sem hann var sviptur frelsi. Sökum þeirra sérstöku aðstæðna sem uppi eru í málinu telur stefnandi að finna þurfi sanngjarnt viðmið til að meta tekjutap hans vegna hinnar ólögmætu frelsissviptingar. Rétt sé að stefnandi njóti vafa í þessu sambandi, enda verði honum ekki um það kennt í hvaða farveg líf hans hafi verið sett með rannsókn málsins. Gerir stefnandi þá kröfu að miðað verði við meðaltekjur verkamanna árið 2017 samkvæmt launatöflum Hagstofunnar að viðbættu 6% framlagi atvinnurekanda í lífeyrissjóð. Miðað er við að stefnandi hafi orðið af tekjum [...] meðan hann var sviptur frelsi vegna málsins. Heildarmánaðarlaun verkakarla hafi numið að meðaltali 570.000 krónum á mánuði árið 2017 eða samtals 3.990.000 krónum fyrir þá sjö mánuði sem miðað er við að stefnandi hafi orðið af launatekjum vegna málsins. Þegar tekið sé tillit

til 6% framlags vinnuveitanda í lífeyrissjóð hljóði krafa stefnanda vegna vinnutaps því upp á 4.229.400 krónur. Til vara er byggt á því að dæma verði bætur að álitum.

9. Miskabótakrafa stefnanda vegna gæsluvarðhaldsins hljóðar upp á alls 35.050.000 krónur. Stefnandi vísar til þess sem að framan greinir að auk langvarandi frelsisviptingar vegna málsins hafi hann einnig orðið að þola fordæmingu samfélagsins og sérstaklega [...]. Margir séu ekki tilbúnir að endurskoða afstöðu sína til hans þrátt fyrir sýknudóm. Stefnandi telur að líf hans hafi verið eyðilagt og að fjárhæð miskabóta verði að taka mið af því, auk þess sem hún verði að vera til þess fallin að hafa raunveruleg áhrif á líf hans og viðurkenningu á því að brotið hafi verið gegn helgustu mannréttindum hans. Stefnandi sundurliðar kröfu sína um miskabætur þannig að honum beri 7.000.000 króna, eða 250.000 krónur fyrir hvern dag sem hann sat að ósekju í einangrun en 28.050.000 krónur, eða 150.000 krónur fyrir hvern dag sem hann mátti þola gæsluvarðhald án einangrunar. Þá gerir stefnandi loks kröfu um greiðslu á 2.000.000 króna vegna annarra rannsóknaraðgerða lögreglu sem meðal annars fólust í öflun upplýsinga um notkun síma hans og í fjárhagsupplýsingum tengdum honum og fyrirtæki hans, húsleitum á heimili og í fyrirtæki og haldlagningu fjármuna og annarra muna.
10. Stefndi vísar til þess að [...] hafi lögreglu borist upplýsingar frá dönsku tollgæslunni þess efnis að grunur væri um að fíkniefni væru falin í Audi bifreið sem væri um borð í skipinu Norrænu á leið til landsins. Ákveðið hafi verið að hleypa bílnum um borð í ferjuna en láta íslensk yfirvöld vita sem síðan fylgdust með ferðum hans uns ökumaðurinn og þrír aðrir, þar á meðal stefnandi, voru handteknir. Lögregla hafi komið fyrir hlustunar- og eftirfararbúnaði í bifreiðinni við komu Norrænu til Seyðisfjarðar að morgni [...] og hafi bifreiðinni verið fylgt eftir til Reykjavíkur. Bifreiðinni hafi verið lagt á stæði við Hilton hótelið við Suðurlandsbraut að kvöldi sama dags. Þar hafi samverkamaður ökumannsins haft samband við hann og síðar komið á vettvang ásamt öðrum samverkamanni á Lexus bifreið sem stefnandi ók. Bifreiðunum tveimur hafi svo verið ekið í samfloti að gistihúsi í miðbænum. Að morgni næsta dags [...] hafi stefnandi lóðsað tvo hinna sem ferðuðust í Audi bifreiðinni að bílskúr við Skipholt og sjálfur komið þangað á Lexus bifreiðinni. Á leiðinni hafi samverkamennirnir rætt í talstöð við stefnanda sem hafi vísað þeim leiðina að skúrnum þar sem þeir voru handteknir. Stefnandi hafi verið handtekinn í nágrenni við skúrinn og að því er lögreglu hafi vírst á hlaupum frá skúrnum þegar hann hafi orðið lögreglu var. Stefnandi hafi verið með lykla að bílskúrnum og heimilað leit í honum og við leit í Audi bifreiðinni hafi fundist 1.310 ml af amfetamínbase. Þá hafi við leit í bifreiðinni og í Lexus bifreið stefnanda fundist tæki sem talið hafi verið að tengdust framkvæmd brotsins. Með ákæru [...] hafi stefnandi ásamt þremur öðrum einstaklingum verið ákærður vegna gruns um aðild að innflutningi á fíkniefnum ætluðum til sölu og dreifingar en með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur hafi stefnandi verið sýknaður en hinir þrír voru sakfelldir. Hafi dómurinn talið sannað að þeir þrír hefðu staðið saman að innflutningnum en féllst ekki á að gögn málsins renndu stoðum undir að stefnandi hefði vitað af fíkniefnunum.
11. Stefndi vísar til þess að eftir að stefnandi var handtekinn [...] hafi hann verið úrskurðaður í gæsluvarðhald og einangrun með vísan til þess að hann væri undir rökstuddum grun um aðild að innflutningi á miklu magni af sterkum fíkniefnum sem varðað gæti fangelsisrefsingu og að rannsókn málsins væri á frumstigi og virtist umfangsmikil. Héldi stefnandi óskertu frelsi sínu gæti hann torveldað rannsókn málsins, s.s. með því að koma

sönnunargögnum undan. Þá hafi gæsluvarðhald og einangrun á sama grundvelli verið framlengt með úrskurði héraðsdóms [...]. Með úrskurði héraðsdóms [...] hafi stefnanda verið gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi en án takmarkana [...]. Í kröfu lögreglu sem hafi legið úrskurðinum til grundvallar hafi ekki verið talin ástæða til að stefnandi sætti áfram gæsluvarðhaldi á grundvelli rannsóknarhagsmuna en talið að almannahagsmunir krefðust þess að honum yrði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi uns dómur gengi í máli hans, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008. Í úrskurðinum, sem staðfestur var í Hæstarétti sé vísað til greinargerðar lögreglu þar sem fram komi að hið ætlaða brot kærða þyki mjög alvarlegt og þess eðlis að nauðsynlegt sé að tryggja að kærði gangi ekki laus á meðan mál hans sé til meðferðar. Stefndi vísar til þess að í úrskurðinum komi fram að; „*Telja verði að ef sakborningur, sem orðið hafi uppvís að jafn alvarlegu broti og kærði gangi laus áður en máli ljúki með dómi, þá valdi það hneykslun í samfélaginu og særi réttarvitund almennings. Staða kærða í málinu þyki sambærileg stöðu sakborninga í öðrum svipuðum málum, sbr. mál Hæstaréttar nr. 504/2017, 790/2015, 763/2015, 152/2013, 149/2013, 269/2010, þar sem sakborningi hafi verið gert að sæta gæsluvarðhaldi fram að uppkvaðningu dóms, þegar legið hafi fyrir sterkur grunur um beina aðild að innflutningi að miklu magni fíkniefna í ágóðaskyni. Telji lögreglustjóri því skilyrðum 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála fullnægt í því máli sem hér um ræðir.*“ Gæsluvarðhald stefnanda hafi síðar verið framlengt á sama grundvelli allt til þess er dómur gekk í máli hans.

12. Stefndi hafnar því að rannsókn lögreglu hafi verið tilhæfulaus eða að lagaskilyrði hafi brostið til þeirra rannsóknaraðgerða sem beitt var. Stefndi vísar til þess að fram til þess að sýknudómurinn féll hafi verið uppi sterkur grunur um að stefnandi hefði átt aðild að innflutningi fíkniefnanna. Háttsemi stefnanda hafi verið verulega samofin framferði hinna sakborninganna þriggja sem síðar voru sakfelldir. Gögn málsins hafi bent til þess að stefnandi væri tengiliður þessara manna hér á landi. Þá hafi önnur atvik einnig verið til þess fallin að styrkja grundsemdir lögreglu um aðild stefnanda. Sönnunarstaðan hafi því verið talin sterk gagnvart stefnanda og undir það hafi verið tekið í þeim dómsúrskurðum sem lágu til grundvallar framlengingu á gæsluvarðhaldi hans.
13. Að mati stefnda verður ráðið af atvikum málsins að stefnandi hafi með framferði sínu stuðlað að aðgerðum gegn sér og þannig glatað bótarétti skv. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Þó að stefnandi hafi verið sýknaður með dómi þar sem ósannað var að hann hefði vitað af fíkniefnunum standi það eitt og sér ekki í vegi fyrir þeirri ályktun að stefnandi hafi stuðlað að aðgerðum gegn sér enda séu kröfur til sönnunar í einkamálum almennt vægari en í sakamálum. Við skýrslutökur hjá lögreglu hafi komið fram ýmislegt misræmi og ónákvæmni hjá stefnanda sem hafi styrkt grunsemdir lögreglu um að hann væri viðriðinn málið. Þá hafi frásögn hans við yfirheyrslur um samskipti sín og samband við hina sakborninganna þrjá í ýmsu tilliti verið ótrúverðug og ekki til þess fallin að hreinsa hann af grun. Að öllu virtu er það mat stefnda að rétt sé að fella niður bætur til stefnda þar sem hann hafi sjálfur stuðlað að aðgerðum gegn sér. Verði ekki á það fallist fer stefndi fram á með vísan til sömu sjónarmiða að stefnukrafan verði stórlega lækkuð. Að mati stefnda eru engin haldbær rök færð fyrir því í stefnu að rannsókn lögreglu hafi falið í sér ólögmdæta meingerð í garð stefnanda í merkingu b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þannig verði rannsóknin ekki virt þeim sem að henni stóðu til sakar, hvorki fulltrúum lögreglu, ákærvalds né dómstólum. Stefndi telur jafnframt að

ætlað fjártjón sé ósannað enda liggi ekki fyrir nein gögn um tekjur stefnanda, hvorki fyrir né eftir að hann sætti aðgerðum lögreglu. Stefndi bendir á að stefnandi beri jafnframt sönnunarbyrðina um að einstakar aðgerðir lögreglu hafi leitt til óvinnufærni. Stefndi mótmælir útreikningi stefnanda á ætluðum tekjumissi á varðhaldstímabili og telur að hann styðjist ekki við viðurkenndar forsendur. Loks telur stefndi ósannað að rannsóknin hafi valdið stefnanda vanlíðan, mannorðsmissi, þjáningum og óþægindum en í því sambandi vísast einkum til sjónarmiða um eigin sök sem gerð er grein fyrir hér að framan. Stefndi mótmælir því enn fremur að vextir, þ. á m. dráttarvextir, verði viðurkenndir frá fyrra tímamarki en þegar mál þetta var höfðað.

Niðurstaða

14. Regla 246. gr. laga nr. 88/2008 felur í sér að maður sem borinn er sökum í sakamáli eigi rétt til bóta ef mál hans er fellt niður eða hann sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur. Þá skal á sama hátt dæma bætur vegna aðgerða sem manni er gert að sæta á grundvelli IX.–XIV. kafla laganna ef skilyrði 246. gr. laganna eru fyrir hendi. Af þessu leiðir að bætur til þess sem að ósekju er gert að þola röskun á friði eða frelsi vegna meðferðar sakamáls skulu ákveðnar á hlutlægum grundvelli og skiptir ekki máli þótt fullt tilefni hafi verið til ráðstafana gagnvart sakborningi eins og málið horfði við lögreglu þegar gripið var til aðgerðanna. Sá fyrirvari er settur í 2. másl. 2. mgr. 246. gr. laganna að fella megi niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfur sínar á.
15. Í máli þessu liggur fyrir að stefnanda var gert að sæta ýmsum rannsóknaraðgerðum í tengslum við rannsókn málsins og meðferð fyrir dómi. Hann mátti þola handtöku, gæsluvarðhald í einangrun í 28 daga og gæsluvarðhald án takmarkana í 187 daga. Þá mátti hann þola að aflað var upplýsinga um notkun síma hans, persónulegra fjárhagsupplýsinga og fjárhagsupplýsinga tengdra fyrirtæki hans, húsleitir á heimili og í fyrirtæki og haldlagningu fjármuna og annarra muna. Dómurinn fellst ekki á þann málaltilbúnað stefnda að með því að ósannað sé að rannsóknin hafi valdið stefnanda vanlíðan, mannorðsmissi, þjáningum og óþægindum eigi hann ekki rétt á bótum og vísar til þess að ekki getur leikið vafi á að almennt sé það að manni sé gert að sæta meðferð eins og þeirri sem stefnandi mátti þola til þess fallið að valda miska. Á hinn bóginn telur dómurinn að vafalaust sé, í ljósi athafna stefnanda og aðkomu hans að athöfnum þeirra manna sem ákærðir voru með honum og sem hlutu dóma fyrir brot sín, að fullt tilefni hafi verið til handtöku stefnanda og þeirra rannsóknaraðgerða sem gripið var til og ekki verður talið að rannsókn lögreglu hafi falið í sér ólögmeta meingerð í garð stefnanda í merkingu b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.
16. Að því er varðar að öðru leyti mat á því hvort stefnandi hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á, samanber undantekningarreglu 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 er af hálfu stefnda á því byggt að framburður stefnanda við skýrslutökur hafi í einhverjum atriðum verið misvísandi. Dómurinn fellst ekki á að eins og atvikum er hér háttað geti þetta atriði skipt máli. Kemur þar bæði til að ekki verður séð að ónákvæmni stefnanda hafi varðað atriði sem verulega þýðingu geti hafa haft svo unnt sé að segja að með því hafi stefnandi freistað þess að leiða rannsóknina afvega og hitt að í þeim tilvikum er stefnandi kaus að tjá sig ekki um sakarefni neytti hann réttar síns samkvæmt 2. mgr. 64. gr. laga nr. 88/2008 sem ekki getur verið grundvöllur að beitingu

undantekningarreglu 2. mgr. 246. gr. sömu laga, samanber dóm Landsréttar 30. október 2020 í máli nr. 404/2019. Þá telur dómurinn, í ljósi þeirrar almennu framkvæmdar gæsluvarðhalds sem að mestu hefur ríkt við rannsókn mála af þeim toga sem hér um ræðir, ósennilegt að framburður stefnanda hefði nokkru breytt um gæsluvarðhaldskröfur lögreglu. Eins liggur fyrir að í ýmsum atriðum sýndi stefnandi ríkan vilja til samstarfs við lögreglu, svo sem með því að láta í té lykilorð að sínum og tölvubúnaði. Er því afstaða dómsins sú að eftir handtökuna hafi stefnandi ekki valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á þannig að fella beri niður eða lækka bætur á þeim grundvelli. Mun því dómurinn fallast á að stefnanda beri bætur úr hendi stefnda á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008. Við mat á fjárhæð miskabóta verður að líta til þess að gæsluvarðhaldsvist stefnanda var afar löng eða alls rúmlega sjö mánuðir. Þá verður að líta til þess að lengst af var gæsluvarðhaldsvist stefnanda reist á því að varðhald hans væri nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna þar sem sterkur grunur léki á að hann hefði gerst sekur um mjög alvarleg afbrot, samanber 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008. Verður á það fallist með stefnanda að gæsluvarðhaldsvist á slíkum grundvelli hljóti almennt að teljast þungbærari en gæsluvarðhald vegna rannsóknarhagsmuna með tilliti til þeirrar samfélagslegu fordæmingar sem slíkur málsgrundvöllur hefur í för með sér. Með því er í raun farið gegn þeirri meginreglu sakamálaréttarfars að maður teljist saklaus uns sekt er sönnuð.

17. Annar þáttur bótakröfu stefnanda varðar eins og að framan er rakið bætur vegna tapaðra launa með því að hann hafi ekki átt þess kost að stunda vinnu eða afla tekna meðan hann var sviptur frelsi. Gerir stefnandi þá kröfu að miðað verði við meðaltekjur verkamanna árið 2017 samkvæmt launatöflum Hagstofunnar að viðbættu 6% framlagi atvinnurekanda í lífeyrissjóð. Alls er krafa stefnanda vegna vinnutaps 4.229.400 krónur en til vara er byggt á því að dæma verði bætur að álitum. Stefndi telur að ætlað fjártjón stefnanda sé ósannað enda liggja ekki fyrir nein gögn um tekjur hans, hvorki fyrir né eftir að hann sætti aðgerðum lögreglu. Dómurinn lítur svo á að ekki verði um það deilt að frelssvipting sú sem stefnandi sætti hafi alfarið komið í veg fyrir að hann gæti aflað sér tekna hvort sem væri með því að stunda atvinnurekstur eða með því að starfa í þágu annarra. Þá er ekkert það fram komið í málinu sem bendir til annars en að stefnandi hafi haft bæði getu og vilja til að sjá sér farborða ef honum hefði ekki verið gert það ókleift vegna frelssviptingarinnar. Þó að taka verði undir það með stefnanda að almennar líkur séu til að hann hafi orðið fyrir fjártjóni og fjárfrafa hans sé sett fram á grundvelli sem hvorki er fjarlægur eða ósanngjarn verður, samanber fyrrnefndan dóm Landsréttar 30. október 2020 í máli nr. 404/2019, ekki hjá því komist að hafna fjárkröfunni með vísan til þess að engin gögn um tekjur stefnanda fyrir eða eftir að hann sætti frelssviptingu hafa verið lögð fram. Við ákvörðun bóta til stefnanda eftir ákvæðum 246. gr. laga nr. 88/2008 verður að líta til þess að honum bera bætur vegna 215 daga gæsluvarðhalds sem miðast við tiltekna fjárhæð fyrir hvern dag og þá hærri bætur vegna þeirra 28 daga sem hann sætti einangrunarvist. Þá ber einnig að líta til þess að stefndi greiddi hluta kröfunnar í janúar 2020 eftir að mál þetta var höfðað og er við ákvörðun bóta og málflutningsþóknunar í dómsorði búið að gera ráð fyrir frádrætti vegna þeirrar greiðslu. Í ákvörðun bóta vegna gæsluvarðhaldsins er að mati dómsins innifalinn þáttur sem varðar bætur vegna annarra rannsóknaraðgerða sem ekki verða því ákveðnar sérstaklega. Í ljósi aðildar að málinu og málsúrslita er þýðingarlaust að dæma málskostnað milli aðila. Af hálfu

stefnanda flutti málið Guðbjarni Eggertsson lögmaður en af hálfu stefnda Eiríkur Áki Eggertsson lögmaður. Ástráður Haraldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A, 7.000.000 króna með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. ágúst 2017 en dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 8. júní 2018 til greiðsludags. Málskostnaður milli aðila fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Guðbjarna Eggertssonar, 1.800.000 krónur.

Ástráður Haraldsson